

Reykjavík 28. apríl 2020

Efni: Tilslakanir á takmörkunum 4. maí – gátlisti fyrir rekstraraðila sem vinna með börnum og unglingum.

Tilslökunin tekur gildi 4. maí 2020 og gildir til 1. júní, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum. Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 er enn í gildi og þar af leiðandi einnig almennar sóttvarnaráðstafanir.

Vegna starfsemi rekstraraðila sem vinna með börnum og unglingum er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

- Er til uppfærð viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum vegna COVID-19?
- Er tryggt að allir fullorðnir (eldri en 16 ára) geti haft 2 metra bil sín í milli og að fjöldi þeirra fari ekki yfir 50 í hverju rými? Athugið að þetta á ekki síst við um matar-, svefn- og salernisaðstöðu sem og búningasklefa.
- Er hreinlætisaðstaða og aðgengi að handþvotti og sótthreinsun til staðar?
- Tekur áætlun um þrif og hreinsun á búnaði mið af aðstæðum vegna COVID-19? [Sjá til hliðsjónar leiðbeiningar um þrif í leik- og grunnskólum.](#)
- Er til áætlun um hvernig fræða eigi starfsfólk og þátttakendur um sóttvarnir? Athugið að sú fræðsla þarf mögulega að vera aðgengileg á fleiri tungumálum en íslensku.
- Hvar eru upplýsingar rekstraraðila er varða viðbrögð og sóttvarnaráðstafanir aðgengilegar?

Nánari upplýsingar er að finna á www.covid.is

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna